

Verklagsreglur um lífúrgang og undanþágu frá gjaldi fyrir tunnu

Í 6. grein samþykktar Vesturbyggðar um meðhöndlun úrgangs nr. 155/2025 er fjallað um úrgangsflokka og þar á meðal lífúrgang og heimajarðgerð:

„Til lífúrgangs teljast matarafgangar og aðrir flokkar samkvæmt nánari fyrirmælum frá söfnunaraðila. Heimajarðgerð er þó heimil með söfnun lífúrgangs að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, og er sveitarfélaginu heimilt að gera verklagsreglur um slíka undanþágu sbr. 14. gr. samþykktar þessara“.

Eftirfarandi verklagsreglur gilda í Vesturbyggð um heimajarðgerð:

1. Sækja skal skriflega um undanþágu frá söfnun lífúrgangs við heimahús á grundvelli heimajarðgerðar fasteignareiganda. Slík umsókn skal endurnýjuð árlega á skrifstofu Vesturbyggðar með tölvupósti í netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is eða í bréfaþósti til skrifstofu Vesturbyggðar á Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.
2. Umsókninni skal fylgja útskýring í texta og/eða myndum á þeirri aðstöðu sem notuð er við heimajarðgerðina.
3. Umsækjandi skuldbindur sig til að uppfylla kröfur um meðhöndlun lífúrgangs sem tilgreindar eru í 6. grein samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð.
4. Heimajarðgerðin má ekki valda óþrifnaði, lyktarmengun, fokhættu eða öðru sem valdið getur nágrönnum ama.
5. Fasteignareigandi samþykkir með umsókn sinni að starfsmaður Vesturbyggðar sannreyni að heimajarðgerð hans eigi sér stað á fullnægjandi hátt.
6. Þeir fasteignaeigendur sem fullnægja skilyrðum varðandi heimajarðgerð geta fengið gjöld af tunnu fyrir lífúrgang felld niður á því ári sem umsóknin nær til.

Samþykkt á xx. fundi bæjarráðs dags.

Til upplýsinga: - Ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð sem verklagsreglur byggja á:

6. gr.

Íbúðarhúsnæði í þéttbýli og dreifbýli.

Íbúum og öðrum fasteignareigendum í Vesturbyggð er skylt að flokka allan úrgang frá heimilum í fjóra grunnflokka; pappa og pappír, plast, lífúrgang og blandaðan úrgang, í samræmi við sérstaka söfnun og flokkun úrgangs. Til lífúrgangs teljast matarafgangar og aðrir flokkar samkvæmt nánari fyrirmælum frá söfnunaraðila. Heimajarðgerð er þó heimil með söfnun lífúrgangs að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, og er sveitarfélaginu heimilt að gera verklagsreglur um slíka undanþágu sbr. 14. gr. samþykktar þessara. Nánar er kveðið á um frágang heimilisúrgangs í 9. gr. samþykktar þessarar.

9. gr.

Frágangur og söfnun heimilisúrgangs

Draga skal úr myndun úrgangs eins og hægt er og stuðla að undirbúningi hans fyrir endurnýtingu/endurvinnslu. Úrgang sem til fellur skal þannig endurnota eftir föngum. Úrgangur sem ekki verður endurnotaður skal flokkaður til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja úrgang innan þeirra fjögurra grunnflokka sem falla til við heimilishald, þ.e. pappa og pappír, plast, lífúrgang og blandaðan úrgang. Sérstök söfnun skal fara fram á málmum, gleri, textíl og spilliefnum sem skal skilað í flokkunarkrár eða á móttöku – og söfnunarstöðvar og greitt fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá Vesturbyggðar.

Eignir í fjöleignarhúsum og samliggjandi eignir geta sameinast um sorpílát

14. gr.

Heimildir til undanþágu

Sé óskað undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og framkvæmdasviðs, sem heimilt er að veita undanþágu ýmist tímabundið eða ótímabundið. Við veitingu undanþágu skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur fái viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að skilyrði laga og reglugerða séu uppfyllt og að markmiðum samþykktar þessarar verði náð.